Graphica Atlantica

400 myndir frá listamönnum í 25 löndum eru á sýningu, sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag

Í sífellt vaxandi mæli er verið að draga Ísland inn í miðju heimsviðburðanna: Fjölþjóðleg grafíklistarsýning í dag og utanríkisráðherrafundur síðar í sama mánuði.Ísland er ekki afskekkt lengur, heldur þýðingarmikill miðpunktur milli Evrópu og Ameríku. Þessa aðstöðu ber okkur að nýta miklu meira en gert hefur verið, til dæmis með ráðstefnuhaldi, en það er önnur saga. Öll sú fréttaumfjöllun, sem Ísland hefir fengið og hefur kippt því inná kortið, verður til þess að það hættir að vera þetta fjarlæga heimskautssker, sem það hefur verið í hugum margra og að hafa viðkomu á Íslandi verður í senn forvitnilegt, sjálfsagt og eðlilegt.

Það er Reykjavíkurborg og félagið Íslenzk grafík, sem standa að þessari glæsilegu grafíksýningu og um leið verður haldin ráðstefna um vestræna grafíklist. Þetta mál er búið að eiga langan aðdraganda, enda þarf margt bréfið að skrifa, áður en svo flókið fyrirtæki verður að veruleika.


Niðurstaðan af umfangsmiklum undirbúningi var sú, að ákveðið var að bjóða hingað 100 erlendum grafíklistamönnum og þar að auki gafst öllum félögumn í grafíkfélaginu kostur á að senda inn myndir, svo og öðrum, sem fást við grafík. Fjölþjóðleg dómnefnd mun veita sérstök verðlaun að upphæð kr. 200 þúsund. Er skemmst frá því að segja, að viðbrögðin létu ekki á sér standa og fyrir utan myndirnar, sem komnar eru fyrir allnokkru - m.a. vegna þess að þær varð að ramma inn hér- er einnig von á verulegum fjölda þátttakendanna sjálfra á ráðstefnuna. Þekktir fyrirlesarar hafa einnig verið fengnir, en ætlunin með öllu þessu er að kanna, hvert grafíklistin stefnir báðum megin Atlandshafsins.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að mun auðveldara er að senda óinnrömmuð grafíklistaverk milli landa, en flest önnur listaverk og hefur þetta haft í för með sér, að flestir grafíklistamenn, sem einhvern metnað hafa á annað borð, leitast við að taka þátt í samsýningum í fjörrum heimshornum og „safna löndum“. Sagt hefur verið, að þetta hafi m.a. haft þau áhrif, að séreinkenni þjóða hafi horfið fyrir einhverju, sem kalla mætti alþjóðlegum stíl. Um það segir Leslie Luebbers, listfræðingur frá Bandaríkjunum, í formála að vandaðri sýningarskrá vegna sýningarinnar á Kjarvalsstöðum, en auk hennar skrifa Þorgeir Ólafsson og Ingunn Eydal í skrána:


„Sumir gagnrýnendur segja að alþjóðlegar grafíksýningar leiði til þess að listaverkin fái öll sama svipmótið, þjóðlegum og persónulegum stíl sé kastað fyrir róða en fylgt þeim tískustraumum, sem hæst ber í heiminum hverju sinni. Dómnefndir og þeir sem velja verk á sýningar, oft sama fólkið á hverri sýningunni eftir aðra, fá sinn skerf af ákúrunum ekki síður en listamennirnir sem sakaðir eru um að afneita eigin stíl til þess að koma verkum sínum á sýningarnar. Þessir gagnrýnendur segja að grafíkverk frá Argentínu séu í engu frábrugðin verkum frá Zaire - ellegar Búlgaríu, Kanada eða Spáni. Þeir leggja listamönnunum í munn þessi orð New Yorkbúa: „Það sem gengur gengur en það sem ekki gengur er ekki fengur“ Við gætum samkvæmt þessu átt von á að sjá mezzotintu eða chine collé á gríðarlega vinsælum alþjóðavettvangi en dala síðan á ný; ellegar að New Imagery rísi til vegs og virðingar í löndum heimsins en hyrfi síðan af sjónarsviðinu; nú eða þá að allir hrifust af NeoGeo“.

Þessi orð eru íhugunarefni. Þau sýna - og sjálfsagt að fenginni reynslu- að sjálfstæði listamanna sýnist vera í nokkurri hættu, vilji þeir leggja stund á eitthvað, sem ekki er „in“ eins og það heitir á ensku, eða er í náðinni þá og þá stundina. Í vaxandi mæli minnir þróunin í listinni á hin og þessi boðorð fatatízkunnar: Pilsfaldurinn síkkar í ár og grátt er í tízku. Hvað sem því líður verður fróðlegt að gaumgæfa, hvernig íslenzk grafík stendur sig í svo fjölþjóðlegum félagsskap.

GS.



S.W.Hayter, Bretlandi: Torso.



Robert Kushner, Bandaríkjunum: Angurvær ballaða.



Michael Rothenstein, Bretlandi, án titils.